



## Við skorum á þingmenn að hafna þriðja orkupakka ESB!

Orkan okkar eru þverpólítísk samtök einstaklinga sem vilja standa vörð um sjálfsákvörðunarrétt Íslands í orkumálum. Samtökin voru stofnuð í október 2018 til þess að veikja athygli á mikilvægi orkuauðlindarinnar fyrir lífskjörin í landinu og kynna rök gegn frekari innleiðingu orkulöggjafar ESB hér á landi. Samtökin eru opin öllum sem vilja styðja málstaðinn. Ríflega sjö þúsund manns hafa gengið í hópinn Orkan okkar á Facebook en í þann hóp eru allir velkomnir sem eru sammála því að Íslendingar eigi sjálfir að stýra eigin orkumálum og því beri að hafna innleiðingu þriðja orkulagabálks ESB hér á landi.

Stuttu eftir að ríkisstjórnin lagði fram þingsályktun um að taka þriðja orkupakkann inn í EES-samninginn, án þess að Ísland væri undanþegið innleiðingu hans í landsrétt, kynnti Orkan okkar eftirfarandi áskorun til þingmanna:

---

*Ágætu alþingismenn, segið nei við staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 97/2017, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn).*

*Beinum þeim tilmælum til sameiginlegu EES-nefndarinnar að Ísland verði undanþegið innleiðingu þriðja orkupakkans enda er Ísland ekki tengt raforkumarkaði ESB.*

---

Nú hafa 12.330 einstaklingar skrifað undir ofangreinda áskorun á vefnum orkanokkar.is. Auk þess hafa borist 1.150 skriflegar áskoranir en ekki hefur allt safnast saman.

Samtals hafa því borist **13.480** áskoranir til þingmanna um að hafna þriðja orkupakkanum.  
Þær fylgja hér með.

Reykjavík, 14. maí 2019.

fh. Orkan Okkar.

*Birgi Ólaf Steinarsdóttir  
Frosti Sverrisson  
Ólafur Inga Sigurðardóttir  
Sigurbjörn Þórhallson  
Jóhann Sigurðsson*